

Sp.

58. Tillaga til þingsályktunar

[55. mál]

um bættu aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Flm.: Jón Árnason, Guðlaugur Gíslason, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta smíða í íslenskum skipasmíðastöðvum tvo vélbáta af stærðinni 50—80 rúmlestir til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur Hafrannsóknastofnunin nú til afnota tvö rannsóknarskip, en það eru m/s Bjarni Sæmundsson, sem er að stærð 777 rúml., og m/s Árni Friðriksson, sem er að stærð 449 rúml. — Auk þessa hefur stofnunin haft til ráðstöfunar vélskipið Hafþór, sem byggt var í Austur-Þýzkalandi árið 1959 og er um 250 rúmlestir.

Öll eru þessi skip það stór, að þeim verður ekki komið við til fiskleitir eða fiskirannsóknar á grunnmiðum við strendur landsins. Hafrannsóknastofnunin hefur hins vegar á undanförunum árum hlotið nokkra fjárveitingu árlega í fjárlögum, sem sérstaklega hefur verið til þess ætluð að taka á leigu minni fiskibáta og stunda á þeim fiskileit og fiskirannsóknir á grunnmiðum.

Nú er það hins vegar svo, samkvæmt upplýsingum fiskifræðinga, að á því eru nokkrir annmarkar að fá fiskibáta af hentugri stærð á leigu og þá sérstaklega á vissum árstíma. Þeir fiskibátar, sem hér um ræðir, eru í flestum tilfellum bundnir ákveðnum skipstjórnarmönnum og skipshöfn á öllum aðalvertíðum. Það er því Hafrannsóknastofnuninni hin mesta nauðsyn að eignast sem fyrst vélbáta af þeirri stærð, sem hér um ræðir, enda verði þeir útbúnir sérstaklega með það fyrir augum að henta til fiskleitir og fiskirannsóknar á grunnmiðum.

Vér teljum ekki ástæðu til að rökstyðja sérstaklega þörfina fyrir þeirri starfsemi, sem hér um ræðir, þar er um augljóst nauðsynjamál að ræða, og verður vikið að því nánar í framsögu fyrir tillögunni.